

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 24. apríl 2024  
UST202401-371/A.B.  
10.05.00

## Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Matskyldufyrirspurn- Áform um stækkun á aflgetu Úlfsárvirkjunar - Viðbótarumsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar sem barst 5. apríl sl. þar sem óskað er eftir viðbrögum Umhverfisstofnunar við svörum framkvæmdaraðila við umsögn Umhverfisstofnunar um fyrirhugaða framkvæmd.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn varðandi verkefnið dags. 22. febrúar sl.

### Framkvæmdarlýsing

Í greinargerð kemur fram að Úlfsárvirkjun er smávirðing án uppistöðulóns, þ.e. sírennslisvirðing við Úlfsá í Dagverðardal, Ísafjarðarbæ og var virðingun gangsett í maí 2019. Áhrifasvæði virðingarinnar er á 2,5 km svæði þar sem farvegurinn er stíflaður í efnisnámu (E8) fyrir inntak án uppistöðulóns og liggur aðveitulögn frá inntaki að stöðvarhúsi. Frárennslis er frá stöðvarhúsi aftur út í farveg Úlfsár. Fallpípa frá vatnsinntaki að stöðvarhúsi var alfarið grafin í vegakant gamla þjóðvegarsins, nema þar sem hún sveigir inn í efnisnámu í átt að inntaki og að stöðvarhúsi. Þar af leiðandi varð ekkert rask á landi meðfram Úlfsá. Athafnasvæðið var að öllu leyti á áður snortnu landi þar sem þjóðvegur Breiðadals og Botnsheiðar lá áður um Dagverðardal upp um Austmannsfall.

Stækkunin felst í breytingu á vélbúnaði virðingarinnar sem getur þá tekið við meira vatni úr árfarvegi Úlfsár. Vatnsnotkun fyrir aflaukningu er um 0,120 m<sup>3</sup> /sek. Hámarksvatnsnotkun eftir aflaukningu verður 0,280 m<sup>3</sup> /sek við full afköst. Getur virðingun þá framleitt um 460 kW. Við lágrennslis tekur virðingun allt rennslis árinna. Með aflaukningu mun það tímabil lengjast, áhrifin verða þau sömu, en áhrifin munu vara lengur samkvæm framkvæmdarlýsingu.

Fram kemur í svörum framkvæmdaraðila þegar Umhverfisstofnun gerir athugasemd við að ekki hafi verið gert grein fyrir þeim gæðapáttum sem notaðir eru til ástandsflökkunar og hvernig framkvæmdin hefur áhrif á gæðapætti að stuðst hafi verið *leiðbeiningar Umhverfisstofnunar* til að flokka vatnshlotið sem mikið breytt vatnshlot.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er ljós hvaða leiðbeiningar Umhverfisstofnunar er verið að vísa til og vill benda á að það er ekki hlutverk framkvæmdaraðila að flokka vatnshlot sem mikið breytt eða manngerð.

Framkvæmdaraðilar geta aftur á móti aflað gagna sem nýtast við hugsanlega tilnefningu mikið breyttra og manngerðra vatnshlota t.d. gagna sem eru notuð við vistfræðilega ástandsflokkun vatnshlotsins. Samkvæmt 13. gr. laga nr. 36/2011 er það Umhverfisstofnun sem metur hvort vatnshlot teljist mangert eða mikið breytt og er gert grein fyrir þeirri ákvörðun í vatnaáætlun. Vatnshlotið Úlfsá (104-118-R) hefur ekki verið metið m.t.t. vatnsformfræði og er ekki á tilnefningarlista yfir mikið breytt og manngerð vatnshlot. Vatnshlotið er því í dag flokkað sem náttúrulegt vatnshlot í mjög góðu vistfræðilegu ástand og eru umhverfismarkmið þess að haldast í því ástandi. Umhverfisstofnun minnir á að umhverfismarkmið vatnshlota eru lagalega bindandi og má ástand vatnshlota ekki rýrna, hvorki tímabundið né varanlega.

Umhverfisstofnun bendir á að meta þarf hvort að framkvæmdin hafi áhrif á vatnshlotið og hvort hún sé líkleg til þess að verða til þess að umhverfismarkmið vatnshlotsins náist ekki, en eins og kom fram hér á undan þá eru umhverfismarkmið vatnshlotsins að vera í mjög góðu vistfræðilegu ástandi. Framkvæmdaraðili þarf að gera áætlun um að vakta áhrif virkjunarinnar með það að markmið að uppfylla lagalega bindandi umhverfismarkmið vatnshlotsins til að haldast í mjög góðu vistfræðilegu ástandi. Umhverfisstofnun tekur undir umsögn Hafrannsóknarstofnunar þar sem stofnunin áréttar nauðsyn þess að gerð verði rannsókn á lífríki í Úlfsá með tilliti til álagspátta sem eru í ánni, en slík rannsókn fór ekki fram við uppsetningu virkjunarinnar.

Samkvæmt lýsingum framkvæmdaraðila mun virkjunin taka rennsli árinna við lágrennsli lengur en nú er þ.e. sá tími mun lengjast. Mikilvægt er að framkvæmdin sé metin á þann hátt að þeirri spurningu sé svarað hvort hætta sé á því að umhverfismarkmið náist ekki vegna aflaaukningarinnar þar sem.

Meta þarf áhrif á þá gæðabætti sem skilgreindir hafa verið fyrir vatnshlot af vatnagerðinni RL1, en ástandsflokkunarkerfi fyrir vatnagerðina er sett fram í [skýrslu](#)<sup>1</sup> Hafrannsóknarstofnunar, Veðurstofu Íslands og Náttúrufræðistofnunar Íslands og [skýrslu](#)<sup>2</sup> Hafrannsóknastofnunar ef að laxfiskar eru í vatnshlotinu. Meta þarf hvaða áhrif skert rennsli hefur á gæðabættina og hvort hætta sé á því að umhverfismarkmið náist ekki.

Í svörum framkvæmdaraðila er ljóst að óvissa er um áhrif aukinnar vatnstöku úr ánni þar sem það er háð tíðarfari, úrkomu, hitastigi og snjóalögum. Auk þess kemur fram að engar mótvægisáðgerðir séu fyrirhugaðar í tengslum við framkvæmdina. Að mati Umhverfisstofnunar liggur því ekki ljóst fyrir hver áhrifin verða á vistfræðilegt ástand árinna.

Vill því Umhverfisstofnun að ef framkvæmdin hefur þau áhrif að einhver gæðabáttanna fellur um ástandsflokk þá fellur vatnshlotið á umhverfismarkmiðum. Að uppfylltum skilyrðum 18.

<sup>1</sup> Eydis Salome Eiríksdóttir ofl., (2022). [Vistfræðileg viðmið við ástandsflokkun straum- og stöðuvatna á Íslandi](#). Veðurstofa Íslands, VÍ 2020-009. 112 bls.

<sup>2</sup> Eydis Salome Eiríksdóttir og Ingi Rúnar Jónsson (2023). [Laxfiskar sem gæðabáttur við ástandsflokkun ferskvatns á Íslandi](#). Hafrannsóknastofnun, HV 2023-19. 54 bls.

gr. laga um stjórn vatnamála er hægt að óska eftir heimild Umhverfisstofnunar til breytingar á vatnshloti í samræmi við 18. gr. laga um stjórn vatnamála.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

***sérfræðingur***

Marianne Jensdóttir Fjeld

***Verkefnastjóri vatnamála***

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Hafnarfjörður 14. mars 2024  
Tilv. 2024-01-25-0110/2.4.1

Efni: Varðar áform um stækkun á aflgetu Úlfsárvirkjunar.

Með tölvupósti úr Skipulagsgátt þann 25. janúar sl. leitar Skipulagsstofnun umsagnar Fiskistofu varðandi hugsanlega matsskyldu framkvæmda sem varðar áform um stækkun á aflgetu Úlfsárvirkjunar, nr. 0073/2024.

Fram kemur að engir fiskstofnar séu í ánni þar sem hún rennur um tvö námuvinnslusvæði Ísafjarðarbæjar. Fram kemur að í ánni séu námur E8 og E3, sem er ein stærsta náma sveitarfélagsins. Af loftmynd að dæma er þó ekki annað að sjá en að fiskar ættu að geta gengið í ána. Fiskistofa bendir á að tilefni kann að vera til að kanna lífríki árinna betur.

Fiskistofa bendir á að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á lífríki vatnsins eða aðstæður til veiði eða er háð leyfi Fiskistofu, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Það kann að eiga við um efnistöku úr námum E8 og E3.

Fiskistofa bendir jafnframt á að vegna kynntra áforma þarf að taka mið af ákvæðum í lögum um stjórn vatnamála, nr. 36/2011.

Ekki eru þekktir veiðihagsmunir á svæðinu og ætla má að þeir séu litlir eða engir. Miðað við forsendur í fyrirbyggjandi gögnum telur Fiskistofa ekki nauðsynlegt að framkvæmdin þurfi að undirgangast mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,  
Fiskistofa

Guðni Magnús Eiríksson  
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs

Skipulagsstofnun

Borgartún 7b

105 Reykjavík

Reykjavík, 23. febrúar 2024

Tilvísun: OS202410166

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu- Áform um stækkun á aflgetu Úlfsárvirkjunar

Vísað er til beiðni Skipulagsstofnunar frá 25. janúar 2024 um umsögn Orkustofnunar um áform um stækkun á aflgetu Úlfsárvirkjunar vegna tilkynninga til ákvörðunar um matsskyldu á grundvelli 20. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr.111/2021.

Í beiðninni kemur fram að í umsögninni þurfi eftir því sem við á að koma fram hvort tillagan geri nægjanlega grein fyrir framkvæmdinni og umhverfi hennar, hvort umsagnaraðili geri athugasemdir við þá umhverfisþætti sem matið á að taka til, mótvægisáðgerðir og vöktun eftir því sem við á. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði umsagnaraðili telur þurfa að skýra frekar og hvort þau kalli að hans mati á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Jafnframt skal í umsögn gera grein fyrir leyfum sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði umsagnaraðila.

Í greinargerð framkvæmdaraðila um fyrirhugaða framkvæmd kemur meðal annars fram að framkvæmdin sem matsskyldufyrirspurnin fjallar um er fólgin í tæknilegum breytingum á vélbúnaði Úlfsárvirkjunar þannig að virkjunin geti tekið við meira vatni úr árfarvegi Úlfsár, en kalli ekki á aðrar framkvæmdir, þ.á.m. hvorki breytingar á stíflu, inntaksmannvirkjum, fallpípu né sé þörf á viðbótarframkvæmdum á streng til flutnings raforku. Þá muni aflaukningin ekki hafa nein viðbótaráhrif á umhverfi.

Í greinargerðinni kemur fram að vatnsnotkun aukist úr 0,120 m<sup>3</sup>/sek í hámarksvatnsnotkun eftir aflaukningu í 0,280 m<sup>3</sup>/sek við full afköst. Getur virkjunin þá framleitt um 460 kW. Fram kemur að einu áhrif verði á rennsli í árfarvegi á milli inntaks í námu E8 á Austmannsfjalli að stöðvarhúsi. Þrátt fyrir aukna vatnstöku vegna aflaukningar verði tryggt að árfarvegurinn þorni ekki.

Að mati Orkustofnunar gerir tillagan nægjanlega grein fyrir framkvæmdinni og umhverfi hennar. Orkustofnun tekur ekki afstöðu til þess hvort viðmiðanir í 2. viðauka laga um



umhverfismat framkvæmda og áætlana kalli á að framkvæmdin fari í umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Leyfi sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði Orkustofnunar er virkjunarleyfi í samræmi við 4. og 5.gr raforkulaga nr.65/2003, auk ákvæða II. kafla reglugerðar um framkvæmd raforkulaga nr.1040/2005. Úlfsárvirkjun er með leyfi fyrir allt að 200 KW ástimpluðu afli, sbr. virkjunarleyfi nr. OS-2018-L013-01, útgefið af Orkustofnun þann 8. júní 2018, en ef af verður ber fyrirtækinu að sækja um leyfi fyrir þeirri aflaukningu sem hér um ræðir.

Virðingarfyllt,  
f.h. Orkustofnunar

Rán Jónsdóttir  
Verkefnastjóri  
Sjálfbær auðlindanýting  
*Rafræn undirskrift*

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 22. febrúar 2024  
UST202401-371/A.B.  
10.05.00

## **Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Matskyldufyrirspurn- Áform um stækkun á aflgetu Úlfsárvirkjunar**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar sem barst 25. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Í greinargerð kemur fram að Úlfsárvirkjun er smávirðun án uppistöðulóns, þ.e. sírennslisvirkjun við Úlfsá í Dagverðardal, Ísafjarðarbæ og var virkjunin gangsett í maí 2019. Áhrifasvæði virkjunarinnar er á 2.5 km svæði, þar sem farvegurinn er stíflaður í efnisnámu (E8) fyrir inntak án uppistöðulóns og liggur aðveitulögn frá inntaki að stöðvarhúsi. Frárennslí er frá stöðvarhúsi aftur út í farveg Úlfsár. Fallpípa frá vatnsinntaki að stöðvarhúsi var alfarið grafin í vegakant gamla þjóðvegarsins, nema þar sem hún sveigir inni efnisnámunu í átt að inntaki og að stöðvarhúsi. Þar af leiðandi varð ekkert rask á landi meðfram Úlfsá. Athafnasvæðið var að öllu leyti á áður snortnu landi þar sem þjóðvegur Breiðadals og Botnsheiðar lá áður um Dagverðardal upp um Austmannsfall..

Stækkunin felst í breytingu á vélbúnaði virkjunarinnar sem getur þá tekið við meira vatni úr árfarvegi Úlfsár. Vatnsnotkun fyrir aflaukningu er um 0,120 m<sup>3</sup> /sek. Hámarksvatnsnotkun eftir aflaukningar verður 0,280 m<sup>3</sup> /sek við full afköst. Getur virkjunin þá framleitt um 460 kW.

### **Vatnshlot**

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er fjallað um lög um stjórn vatnamála og vatnaáætlun í greinargerð.

Umhverfisstofnun bendir á að lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála hafi verið innleidd með gerð vatnaáætlunar. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögnum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tillagan sé í samræmi við stefnumörkun vatnaáætlunar 2022 - 2027 og vill stofnunin benda á vefsíðuna [www.vatn.is](http://www.vatn.is).

Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósvatn, strandsjó, lón og jökla). Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, segir að opinberar áætlanir á

vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Öll yfirborðsvatnshlot skulu vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegu ástandi og að vatnsgæði rýrni ekki. Framkvæmdin er innan vatnshlotsins Úlfsár (101-118-R) og er umhverfismarkmið vatnshlotsins að vera í mjög góðu vistfræðilegu ástandi og í góðu efnafræðilegu ástandi. Umhverfismarkmið vatnshlota eru lagalega bindandi og má ástand þeirra ekki hnigna, hvorki tímabundið né varanlega.

Því þarf að fjalla um í greinargerð um hvaða vatnshlot framkvæmdin nær til og setja inn vatnshlotanúmer þeirra. Auk þess þarf að fjalla um umhverfismarkmið fyrir vatnshlotið og hvert er núverandi ástand þess. Hægt er að nálgast þessar upplýsingar inn á vatnavefsjá.<sup>1</sup>

Meta þarf áhrif framkvæmdar á þau vatnshlot sem tengjast henni. Áhrifamatið þarf að uppfylla kröfur laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun og breytingar á starfseminni eiga að samræmast markmiðum og kröfum laganna. Starfsemi eða framkvæmdir mega ekki valda því að vatnshlot nái ekki þeim umhverfismarkmiðum sem sett hafa verið fyrir þau.

Umhverfisstofnun bendir á að virkjanir flokkast sem vatnsformfræðileg breyting á vatnshloti, en slíkar breytingar geta valdið hnignun á vistfræðilegu ástandi vatnshlotsins.

Til þess að hægt sé að leggja mat á hvort að starfsemi og framkvæmdir hafi áhrif á vatnshlot þarf að fara fram mat á áhrifum á gæðapætti sem skilgreindir hafa verið fyrir vatnshlotin.

Slík áhrifamat þarf að fjalla um:

- Skýran tilgang með matinu þ.e. að það er unnið til að meta áhrif starfsemi/framkvæmdar á umhverfismarkmið vatnshlotanna og hvort hætta sé á að ástand þeirra rýrni miðað við núverandi stöðu.
- Fjalla um vatnshlotin sem um ræðir, stöðu þeirra (óflokkað/ flokkað?) og fleira ef þarf. Fjalla þarf bæði um vatnshlot verða fyrir beinum sem og óbeinum áhrifum vegna framkvæmdarinnar. Fjalla um þá gæðapætti í yfirborðsvatni sem notaðir eru til ástandsflökkunar og hvernig starfsemin/framkvæmdin hefur áhrif á þá gæðapætti (sjá vatnaáætlun og [www.vatn.is](http://www.vatn.is)).
- Gera þarf áætlun um að staðfesta ástand áður en framkvæmdir hefjast.
- Fjalla um hvort að umhverfismarkmið munu nást eða ekki.
- Umfjöllun um hugsanlegar mótvægisáðgerðir til að bæta úr ástandi (ef það er hætta á því að ástand versni eða ef að vatnshlotið nær ekki umhverfismarkmiðum vegna framkvæmdarinnar) og hvort þær mótvægisáðgerðir dugi til að upphefja ástandið í fyrri stöðu.

---

<sup>1</sup> <https://vatnavefsja.vedur.is/wfdportal/#/waterbody/101-118-R>



Meta þarf hvaða gæðabættir eru líklegir til að verða fyrir áhrifum umfram aðra. **Ef að framkvæmdin hefur þau áhrif að einhver þeirra gæðabátta sem verða fyrir áhrifum af framkvæmdinni fellur um ástandsflokk þá fellur vatnshlotið á umhverfismarkmiðum.** Að uppfylltum skilyrðum 18. gr. laga um stjórn vatnamála er hægt að óska eftir heimild Umhverfisstofnunar til breytingar á vatnshloti í samræmi við 18. gr. laga um stjórn vatnamála.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson  
**sérfræðingur**  
Ríkey Kjartansdóttir  
**sérfræðingur**


Skipulagsstofnun  
Bt Jóni Smára Jónssyni  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík  
skipulag@skipulag.is

Dags. 22. febrúar 2024  
Tilv. 5618-0-0005  
Mál 2024-0064

Með erindi dags. 25. janúar sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Veðurstofu Íslands um stækkun á aflgetu Úlfarsárvirkjunar.

Veðurstofa Íslands gerir ekki athugasemdir um stækkun þessa.

Virðingarfyllt,  
fh. Veðurstofu Íslands



Hlíf Sævarsdóttir  
Sérfræðingur á rekstrarsviði

Selfossi 13. febrúar 2024

Skipulagsstofnun

Mál: 2024-01-0030

**Efni: Umsögn vegna áforma um stækkun Úlfsárvirkjunar**

Í tölvupósti þann 25. janúar sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar um áform um stækkunar Úlfsárvirkjunar sem tilkynnt hefur verið til ákvörðunar um matsskyldu.

Úlfsárvirkjun er vatnsaflsvirkjun sem gangsett var árið 2019. Um er að ræða 200 kW rennslisvirkjun í Úlfsá. Inntak virkjunar er í um 295 m h.y.s. neðarlega í Austmannsfalli í Skutulsfirði. Nýtt fallhæð er 205 m. Inntak er án inntakslóns en með stíflu og búnaði sem tekur inn vatn til virkjunar en hleypir umframvatni og framburði framhjá. Fallpípa að stöðvarhúsi er um 2.400 m löng. Farvegur Úlfsár er með skertu rennsli frá inntaki að frárennsli virkjunar á u.þ.b. 2,4 km kafla. Áformað er að auka afl virkjunar í 460 kW og verður það gert með því að auka vatn til virkjunar úr 0,120 m<sup>3</sup>/sek í 0,280 m<sup>3</sup>/sek. Aukið afl virkjunar er sagt fengið með nýtingu umframvatns þegar aðstæður leyfa, t.d. þegar yfirborðsvatn og snjóbráð er til staðar. Sagt er að árfarvegurinn þorni ekki við þetta vegna innrennslis linda. Aflaukning virkjunar er ekki sögð hafa áhrif á magn lágrennslis í Úlfsá en að lágrennslistímabilið verði lengra.

**Umsögn**

Úlfsá rennur af Breiðadalsheiði niður í Austmannsdal og til sjávar í Dagverðardal við Skutulsfjörð. Áin er um 6 km löng dragá en með nokkurt innrennsli lindarvatns, einkum ofan til. Vatnasvið árinna er um 10 km<sup>2</sup>. Vatnshlotið er samkvæmt vefsíu stjórnar vatnamála flokkað í vatnagerð RL1 (vatnshlotanúmer 101-118-R). Straumvötn í þessum flokki eru oftast snjómiðlaðar dragár. Hafa ber í huga að virkjunin er nú þegar í rekstri og ekki er að sjá að við gerð hennar hafi verið farið í neinar rannsóknir á lífríki árinna eða mat lagt á áhrif framkvæmdarinnar og rekstur virkjunarinnar á lífríki. Engar upplýsingar koma fram í innsendum gögnum um lífríkið annað en það að sagt er að engir fiskstofnar séu í ánni þar sem áin rennur um námuvinnslusvæði Ísafjarðarbæjar. Engar rannsóknir liggja hins vegar fyrir um tilvist fisks í ánni þar sem virkjað er eða hve langt fiskur kemst upp ána frá sjó. Í innsendum gögnum kemur ekki fram hvernig rennsli árinna er háttað yfir árið, hvert er meðalrennsli, hárennsli eða lágrennsli eða hver hlutfallsleg skerðing rennslis er á kaflanum frá inntaki til frárennslis. Því er erfitt að meta áhrif rennsliskerðingar á þeim 2,4 km kafla sem hér um ræðir eða hvort aukið afl virkjunar leiði til aukinnar skerðingar. Þetta er hins vegar stór hluti farvegar árinna, eða um 40%. Almennt hefur skerðing á rennsli vegna vatnsaflsvirkjana áhrif á lífríki í vatnföllum og almennt gildir sú regla að því meiri sem skerðingin er hlutfallslega, því meiri áhrif.

Hafrannsóknastofnun bendir á að samkvæmt skv. 1. mgr. 33. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 eru framkvæmdir í eða við veiðivatn háðar leyfi frá Fiskistofu.

Þá bendir stofnunin á lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, en markmið þeirra er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Áður en farið er í framkvæmdir þarf að gera grein

fyrir áhrifum framkvæmda eða starfsemi á vatnshlot til að mögulegt sé að meta hvort þau geti leitt til þess að vatnshlot nái ekki markmiðum laganna um gott vistfræðilegt ástand. Sérstaklega skal horfa til áhrifa á gæðabætti sem samþykktir hafa verið til ástandsflökkunar vatnshlota á Íslandi og þar er átt við vatnsformfræðilega, líffræðilega og eðlisefnafræðilega gæðabætti. Við allar framkvæmdir í ám og vötnum skal leita allra leiða til þess að komast hjá því að vatnsgæði spillist og að afkoma lífríkis í vatni versni vegna þeirra. Þá vill stofnunin benda á að í 18. gr laga þessara er fjallað um að leita þarf til Umhverfisstofnunar um heimild til breytinga á vatnshloti sem hefur í för með sér að ekki er hægt að ná fram umhverfismarkmiðum skv. 11. gr sömu laga. Nauðsynlegt er að huga að mótvægisáðgerðum sem stuðla að því að áhrif framkvæmdanna verði sem minnst. Dæmi um mótvægisáðgerðir í vatnsaflsvirkjunum er að tryggja að alltaf sé allavega lágmarks vatn í farvegum virkjaðra straumvatna þar sem ekkert vatnalífríki þrífst án vatns.

Úlfsárvirkjun er á svæði sem þegar hefur verið raskað með námuvinnslu sem er neðan við virkjunina. Námuvinnslan og virkjunin ofan hennar hafa þegar valdið röskun á vatnsformfræði árinna. Ekki verða frekari framkvæmdir í tengslum við stækkun virkjunarinnar en helsta breytingin sem er fyrirséð vegna stækkunarinnar er meiri röskun á vatnsformfræði árinna sem felst í aukinni lengd lágrennslistímabila. Það getur ef til vill fækkað flóðum í farveginum á milli inntaksins og stövarhússins. Það er þó erfitt að meta því Hafrannsóknastofnun er ekki kunnugt um hvor til eru mælingar á óskertu rennsli árinna miðað við það sem tekið er inn í virkjunina. Hafrannsóknastofnun telur að stækkun virkjunarinnar muni ekki hafa meiri áhrif á líffræðilega gæðabætti en þegar hefur orðið ef það er tryggt að alltaf verði vatn til staðar í farveginum. Stofnunin áréttar nauðsyn þess að gerð verði rannsókn á lífríki í Úlfsá með tilliti til álagsþátta sem eru í ánni, m.a. af umræddri Úlfsárvirkjun og rekstri hennar.

F.h. Hafrannsóknastofnunar



Magnús Jóhannsson



ÍSAFJARÐARBÆR

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Ísafjörður, 12. febrúar 2024  
2024010207

**Efni: Ísafjarðarbær – Áform um stækkun á aflgetu Úlfsárvirkjunar, ákvörðun um matsskyldu 2024**

Skipulagsstofnun óskaði eftir umsögn Ísafjarðarbæjar vegna ákvörðunar um matsskyldu vegna áforma um stækkun á aflgetu Úlfsárvirkjunar (í Skutulsfirði).

Skipulags- og mannvirkjanefnd Ísafjarðarbæjar tók erindið fyrir á fundi nr. 625, þann 8. febrúar 2024:

„Skipulags- og mannvirkjanefnd lítur svo á að þar sem ekki er þörf á frekari framkvæmdum við þessa aflaukningu hafi þetta þar með lítil áhrif á umhverfi virkjunarinnar. Starfsmanni falið að vinna umsögn.“

  
Guðmundur Rafn Kristjánsson  
verkefnastjóri

Bolungarvík 26.1 2024

Skipulagsstofnun  
Jón Smári Jónsson

**Úfsárvirkjun tilkynning til ákvöðunar um matsskyldu**

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða hefur kynnt sér efni *matsskyldu fyrirspurnar um stækkun virkjunar í Úlfsá í Dagverðardal Ísafirði* Aflaukning úr 200 kW í 460 kW. sk. Viðauki IV. Lög 7/1998 [Starfsemi sem heilbrigðisnefnd gefur út starfsleyfi fyrir. 115. Virkjun og orkuveita frá 1 MW. Stækkun er undir þeim mörkum og því ekki starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd.

Heilbrigðineftirlit er ekki með athugasemdir né ábendingar.

Virðingarfyllt



Anton Helgason  
Heilbrigðisfulltrúi